



Kennsluleiðbeiningar



Norden i skolan

DEN STORE NORDISKE
JULECHALLENGE 🌲



Kæri kennari

Jibbi! Ég segi það satt, það er kominn desember ... dásamlegasti tími ársins, og tíminn þegar hundrað börn taka þátt í stóru norrænu jólaleikunum! Úr öllum 50.000 umsóknunum frá Norðurlöndunum hafa 100 börn nú verið valin af handahófi til að taka þátt í stóru norrænu jólaleikunum. Þessi 100 börn munu nú keppast um að vinna leikana og fá uppfyllta sína stærstu ósk frá jólasveininum, ferðast um öll Norðurlöndin og spreyta sig á norrænum jólahefðum.

Það sem þú ert í höndunum, er norræn jólagjöf frá öllum hjá Norden i Skolen. Í samvinnu við Beo Beo og Super Poul höfum við búið til norrænt jóladagatal í hljóðseríuformi. Á hverjum degi í desember getur þú hlustað á einn eða tvo þætti og unnið tilheyrandi verkefni í verkefnaheftinu. Hljóð-jóladagatalið er hægt að nota sem huggulega leið til að hefja kennslustundir desembermánaðar.

Fyrir hvern þátt í seríunni er tilheyrandi verkefni í heftinu. Það er mikilvægt að lesendur lesi sig í gegnum hvert verkefnið áður en hlustað er á þátt dagsins. Heftið er hægt að ljósrita og dreifa eða nota rafrænt, en við mælum með því að prenta það út í fjölríti, því í sumum verkefnum eiga nemendur að teikna eða merkja við ákveðin atriði. Þannig geta nemendur líka unnið sig jafnt og þétt í gegnum heftið í heild sinni, og að lokum notað það til upprifjunar. Verkefnin hverfast ýmist um samtöl um það sem kom fram í þættinum, nágrennamálin, skapandi verkefni eða hreyfiverkefni.

Skandinavísku málin og norrænt menningarläsi er mikilvægur hluti af námi á Norðurlöndunum, og jóladagatalið *Stóru norrænu jólaleikarnir* snertir á báðum þessum efnum. Rödd sögumannsins er þýdd og töluð inn fyrir hvert tungumál fyrir sig, en aðalpersónurnar þrjár tala dönsku, norsku og sænsku og beina þannig athygli nemenda að nágrennamálaskilning.

Það á ekki að taka meira en 15 mínútur að hlusta á þátt í jóladagatalinu og vinna verkefni tilheyrandi þættinum. Þó eru nokkur verkefnanna þannig að vel er hægt að eyða í þau meiri tíma – t.d. – ef tími og ráð gefst – að baka Lussekatter í skólanum (13. þáttur). Að lokum safna nemendur öllu efninu sem þeir hafa unnið saman í eina möppu, *Norrænu jólaleikarnir mínir*

Á næstu síðu er yfirlit yfir þá þætti, sem krefjast þess að kennarinn undirbúi sig sérstaklega.

Góðar stundir!

Norden i Skolen





Yfirlit yfir þá þætti sem krefjast sérstaks undirbúnings

3. þáttur

Þátturinn fjallar um hinn hefðbundna færeyska rétt *Ræstur fiskur*. Fyrir færeyska nemendur er þess vegna sérstakt verkefni fyrir þau. Segðu frá besta jólamat sem þú hefur smakkað. Borðið þið sperðil eða ræstan fisk heima hjá ykkur? Næst megið þið endilega segja frá uppáhaldsjólaminningu ykkar, eða hverju þið hlakkið mest til þessi jól.

5. þáttur

Þátturinn fjalla um norsku jólahefðina julebukking. Þess vegna mega norskir nemendur ræða saman um allar mismunandi útgáfurnar af þessari hefð innan Noregs, t.d. nyttársbukk. Næst megið þið endilega segja frá uppáhaldsjólaminningu ykkar, eða hverju þið hlakkið mest til þessi jól.

13. þáttur

Ef það er mögulegt, getur bekkurinn bakað lussekatter (sænskt jólabakkelsi) saman í skólanum. Í viðhengi 3 má finna uppskrift á sænsku, baksturinn krefst þó undirbúnings og innkaupa. Það er upplagt að hafa nágrannamála-vinkil á bakstrinum (þau sem tala sænsku geta jafnvel notað norska eða danska uppskrift). Þar að auki skapar það samhug meðal nemendanna að baka saman og njóta sömuleiðis að njóta afrakstursins saman.

14. þáttur

Viðhengi 1 með Lucia-textunum skal prenta út fyrir nemendur.

18. þáttur

'Quiz og byt'-miðarnir á að prenta út og klippa til. Börnin geta e.t.v. klippt þá út sjálf.





20. þáttur

Þátturinn fjallar um íslensku jólasveinana. Þegar nemendurnir hafa unnið verkefnið í heftinu, er hægt að lesa meira um jólasveinana á [Atlantbib.org](https://atlantbib.org) en þar er bókin 'Íslensku jólasveinarnir'.

Link: <https://tinyurl.com/s6xsvb8x>

22. þáttur

Prentið út skapalónin (viðhengi 4) fyrir grænlenku jólahjörtun. Þau má endilega prenta út á þykkan pappír eða karton, til að sé auðveldara að draga upp formin eftir þeim. Útvegið nemendum skæri, lím og fleira, svo nemendur geti farið skapandi leið að verkefninu.

Lokaverkefni

Eftir síðasta þáttinn, er hugmyndin að öllum verkefnum nemandanna sé safnað saman í stóra flettibók með titlinum: *Norrænu jólaleikarnir mínir*. Bókin er hugsuð sem samantekt á allri vinnu nemenda sem þeir hafa unnið í tengslum við jóladagatalið. Þið megið gjarna senda myndir af flettibókunum til okkar þegar þær eru tilbúnar (kontakt@nordeniskolen.org). Efni sem þið getið notað: pappír í mimsunandi litum, spottar til að búa til lás, lím, skæri o.s.frv.

